



SKÝRSLA STJÓRNAR HRFÍ

Starfsárið 2020-2021

Samantekt um starf félagsins lögð fram á aðalfundi félagsins 31.05. 2021

Stjórn HRFÍ
stjorn@hrfi.is

Inngangur	2
Skrifstofa	2
Starfsmannamál	2
Húsnæðismál	2
Uptaka nýs tölvukerfis utan um gagnagrunn félagsins	3
Nefndir HRFÍ	3
Reglubundið starf innan félagsins	4
Félagsmenn og ættbókarskráningar	4
Heilsufarspróf	5
Reglur um skráningu í ættbók HRFÍ	5
Hundasýningar	5
Vinnupróf	6
Veiðipróf	6
Sólheimakot	6
Hundaskóli HRFÍ	6
Sýningadómarar	6
Veiðiprófadómarar	6
Kynningar og fræðlustarf	6
Fræðslunefnd	6
Félagsblaðið Sámur	7
Starf ræktunardeilda	7
Hlutverk og verk svið ræktunardeilda	7
Á döfinni	7

Inngangur

Skýrslan er lögð fram á aðalfundi Hundaræktarfélags Íslands þann 31. maí 2021 en í henni er gerð grein fyrir starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.

Aðalfundur félagsins 2020 var haldinn í hátíðarsal Verslunarskóla Íslands, Ofanleiti 1, 103 Reykjavík, þann 10. júní. Á fundinum voru kjörin í stjórn Auður Sif Sigurgeirsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir. Anna Guðjónsdóttir var kjörinn varamaður þeirra.

Stjórn var svo skipuð og skipti þannig með sér verkum á starfsárinu: Herdís Hallmarsdóttir, kjörin formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, varaformaður, Svava Björk Ásgeirsdóttir, ritari. Meðstjórnendur voru Guðbjörg Guðmundsdóttir og Heiðar Sveinsson. Varamenn eru þau Guðni B. Guðnason og Anna Guðjónsdóttir.

Stjórn fundaði 10 sinnum á starfsárinu. Í heimsfaraldrinum nýtti stjórn sér fjarfundarbúnað Teams og afgreiddi erindi milli funda með tölvupóstum. Þá var stjórn með lokaðan hóp á samfélagsmiðlum sem nýttur var í umræður, hugmyndir og til upplýsinga, um framgang og stöðu þeirra verkefna sem stjórn vann að, á milli funda. Á starfsárinu hafa viðburðir verið í lágmarki vegna heimsfaraldurs.

Covid 19 faraldurinn hefur haft umtalsverð áhrif á starfsemi félagsins allt starfsárið. Samkomubann og fjöldatakmarkanir, sem og aðrar sóttvarnareglur gerðu félaginu erfitt fyrir að halda fundi og viðburði. Litast starfsár félagsins sem íslensks samfélags alls óhjákvæmilega af heimsfaraldrinum. Loka þurfti skrifstofunni á haustmánuðum og aflýsa viðburðum og heilbrigðisskoðunum. Margar deildir gátu ekki haldið ársfundi á tilætluðum tíma. Þrátt fyrir fordæmalausar aðstæður tókst að hafa opinn viðburð, litla sýningu síðasta sumar. Þá var haldið uppi öflugum fræðslustarfi í gegnum netið og skráning hvolpa hefur blómstrað. Vonir standa til þess að með bólusetningum takist að opna samfélagið að nýju, en þá skapist aðstæður fyrir blómlegt starf félagsins, sem félagsmenn hafa saknað.

Skrifstofa

Skrifstofa félagsins er í húsnæði félagsins að Síðumúla 15 í Reykjavík og er opin alla virka daga frá kl. 10 til 15.

Starfsmannamál

Á skrifstofunni starfa nú þær Guðný Rut Isaksen framkvæmdastjóri og Margrét Guðrún Bergsveinsdóttir sem hefur á hendi verkstjórn ýmissa verkefna og sinnir afgreiðslu á skrifstofu félagsins en sumarstarfsmaður bættist í hópinn nýverið sem hefur umsjón með útgáfu ættbóka og heilsufari. Ingunn Birta mun hlaupa í skarð Ernu Sigríður Ómarsdóttir í sumar en Erna hefur verið í hlutastarfi með skóla og heldur nú á ný mið. Hún mun þó áfram sinna ákveðnum verkefnum tengdum upptöku nýs tölvukerfis.

Bókhald félagsins er fært hjá bókhaldsstofunni Verum og Sveinn R. Reynisson er endurskoðandi félagsins.

Húsnæðismál

Félagið er eigandi að einkahlutafélaginu Ra ehf. sem er aftur eigandi að skrifstofuhúsnæði að Síðumúla 15 þar sem skrifstofa félagsins er til húsa. Undanfarin ár hefur verið lagt kapp á að greiða niður áhvílandi lán sem Hrfí tók til kaupa á einkahlutafélaginu en hvíldi á fasteigninni, enda óhagstætt lán með háum vöxtum. Á þessu starfsári tókst stjórn að greiða lánið niður að fullu og á félagið því fasteignina skuldlaus.

Fasteignin hefur verið á sölu um nokkurn tíma. Nýverið barst tilboð í að kaupa eignina fyrir 56 milljónir kr. Stjórn aflaði verðmats í eignina sem sýndi að tilboðið er gott. Þá var kannaður sá möguleiki hvort hagstæðara væri að selja eignarhlutafélagið RA ehf. Var það gert með það að leiðarljósi að einfalda rekstur félagsins. Við slíkar aðstæður hefði félagið þurft að greiða fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði vegna sölunnar sem hefði verið umtalsverður. Með áframhaldandi eignarhaldi á RA ehf. er möguleiki að fresta söluhagnaði og fjárfesta að nýju innan tveggja ára, en við

það fellur söluhagnaðurinn niður. Að athuguðu máli samþykkti stjórn kauptilboð með fyrirvara um samþykki aðalfundar. Það verður því kosið um tillögu stjórnar félagsins að selja fasteignina.

Verði af sölu fasteignarinnar skapast tækifæri til að leita að ákjósanlegu húsnæði fyrir starfsemi félagsins. Þar sem félagið á eignina skuldlausu, verður meiri möguleiki á að kaupa stærra húsnæði sem fullnægir betur þörfum félagsins til að halda minni viðburði, svo sem ýmis námskeið bæði á vegum félagsins og deilda þess, svo sem vinnuhunda- og íþróttadeildar. Sé það vilji félagsmanna kemur það í hlut stjórnar félagsins að finna húsnæði en sem fyrr þarf að bera ákvörðun á borð við kaup á nýju húsnæði undir félagsfund.

Uptaka nýs tölvukerfis utan um gagnagrunn félagsins

Tölvukerfi félagsins sem heldur utan um gagnagrunn félagsins hefur verið í brennidepli í fjöldamörg ár enda áriðandi verkefni í starfsemi félagsins. Tölvukerfið Lukka, sem upphaflega var hannað til bráðabirgða árið 2002, er enn í notkun hjá félaginu. Brýn nauðsyn var til að grípa til aðgerða og kaupa nýtt kerfi til að standa vörð um gagnagrunn félagsins og færa í nútímalegt horf.

Verkefnið er í fullum gangi og hefur margt áunnist á tímabilinu. Vert er að hafa í huga að vinnan sem þegar hefur farið fram og enn stendur yfir sést illa út á við, þar sem kerfið er enn ekki aðgengilegt fyrir hinn almenna félagsmann. Búið er að prófa stóran hluta kerfisins, þýða hluta þess og nú stýttist í að hægt verði að opna fyrir hluta þess fyrir félagsmenn. Kunnum við þeim félagsmönnum sem hafa lagt okkur lið við að prófa virkni kerfisins sem og að aðstoða við að þýða efnið kærar þakkir fyrir.

Tekin hefur verið sú stefna að aðlaga okkur að kerfinu fremur en að ráðast í dýra forritun eins og hægt er. Uppsetning kerfisins er í höndum norska fyrirtækisins Origin og vélbúnaður og vefþjónar hjá danska fyrirtækinu Tecsys, DKK sér svo um tæknilega aðstoð.

Um er að ræða eitt umfangsmesta verkefni félagsins um þessar mundir enda gagnagrunnur verðmætasta eign þess. Ítarlega kynningu á kerfinu og undangengnu ferli má sjá á heimasíðu félagsins.

Nefndir HRFÍ

Stjórn félagsins skipar nefndir og starfshópa til að annast ákveðin mál. Á fyrsta fundi stjórnar er skipað í fastanefndir félagsins. Í dag eru 14 nefndir starfandi hjá félaginu og nefndarmenn samtals um 60 talsins. Nánar verður fjallað um starf einstakra nefnda í umfjöllun um reglubundið starf félagsins eins og við á.

Reglubundið starf innan félagsins


Félagsmenn og ættbókarskráningar

Eftirspurn eftir hundum hefur aukist verulega í heimsfaraldrinum. Ættbókarskráningum fjölgaði því á árinu 2020, en hvolpaskráningum fjölgaði um 10%, eða um 181 frá fyrra ári. Einnig fjölgaði skráðum gotum um 33 eða 8% frá árinu 2020.

Á myndinni hér að neðan má sjá hvernig hvolpaskráningum hefur fjölgað í gegnum tíðina á fyrsta ársþriðjungi hvers árs frá árinu 2016 en nú á fyrri hluta árs 2021 hefur orðið sprenging í skráningum og hefur fjöldi skráðra hvolpa nærri tvöfaldast frá því á sama tíma 2019 og 2020.



Félagsmönnum fjölgaði á árinu 2020 um 10% og eru nú fleiri en nokkru sinni eða um 4.300 talsins.



Lýsandi tölur úr starfi félagsins

2016-2020	2016	2017	2018	2019	2020
Hvolpar	1308	1244	1307	1639	1820
Got	294	274	305	370	403
Félagsmenn	3061	3421	3117	3882	4302
Skráðir hundar frá upphafi ca.	21.440	23.698	25.097	26.850	28.812
HD/AD alls	208	201	227	215	275
Ræktunarnöfn	26	34	34	37	57

Heilsufarspróf

Covid 19 setti stórt strik í reikninginn í tengslum við heilsufarsskoðanir en ekki var hægt að hafa augnskoðun á síðasta starfsári. Undanþágu þurfti að veita á síðasta starfsári og hefur hún verið áfram í gildi á þessu starfsári. Skrifstofa hefur tekið við skráningum í næstu augnskoðun, en við gerð skýrslu stjórnar eru um 1.000 hundar skráðir í augnskoðun.

Um 275 hundar voru mjaðma og/eða olnbogamyndaðir (OFA og SKK) á árinu 2020 og er það talsverð aukning frá fyrra ári.

Reglur um skráningu í ættbók HRFÍ

Stjórn óskaði á síðasta tímabili eftir því við ættbókar- og staðlanefnd, að nefndin endurskoðaði reglugerð um skráningu í ættbók með hliðsjón af reglum FCI og reglugerð um dýravernd. Eins vann nefndin almennan samanburð á þeim kröfum sem gerðar eru um heilsufarsskoðanir í þeim tilgangi að samræma reglurnar betur og gera þær aðgengilegri.

Endurskoðun reglnanna var gerð í tvennu lagi. Stjórn samþykkti uppfærða 1 - 9 kafla reglugerðar HRFÍ um skráningu í ættbók og tóku þær gildi 1. júní 2019. Haldinn var ágætlega sóttur félagsfundur til að kynna uppfærðar reglur.

Þá var einnig unnið að endurskoðun á reglum og skilyrðum um ræktun einstakra hundakynja í samráði við ræktunardeildir í félaginu sem og vísindanefnd. Tóku nýjar reglur gildi 1. apríl s.l. Kann stjórn ættbókar- og staðlanefnd miklar þakkir fyrir alla þá vinnu sem liggur að baki.

Innflutningur hunda

Innflutningur hunda var svipaður milli ára en 142 innfluttir hundar voru skráðir hjá félaginu 2020 á móti 132 árinu áður. Ný tegund bættist í flóru hunda á landinu og voru tveir hundar af tegundinni berger de beauce skráðir í félagið.

Hundasýningar

Í júní 2020 hélt félagið í samstarfi við dómarafélag félagsins opna sýningu sem var vel heppnuð og skemmtileg "útsláttarsýning". Viðburðurinn var skemmtilegur og augljóst að félagsmenn söknuðu viðburða félagsins. Sýningin skilaði rúmri hálfri milljón í tekjur fyrir félagið en kostnaður var óverulegur. Kunnum við dómarafélaginu miklar þakkir fyrir sitt framlag. Það var mikil ánægja með viðburðinn og verður álíka vonandi endurtekið í framtíðinni.

Vinnupróf

Vinnuhundadeild hélt 5 hlýðniþróf á árinu. Skráðir voru 59 þátttakendur sem er álíka og árinu 2019. Fimm sporapróf voru haldin á árinu 2020. Átta hundar náðu prófi í spori I. Einn hundur hlaut viðurkennda einkunn í spor Elíte og var það í fyrsta sinn sem hundur náði prófi í þessum flokki. Miðað við erfiðleika í framkvæmd viðburða er ljóst að þarna er vel að verki staðið og áhuginn á vinnu prófum er mikill. Deildin er metnaðarfull og starfið blómlegt.

Veiðiþróf

Undir merkjum tegundahóps 7 voru 183 skráningar í samtals 5 veiðiþróf. 9 veiðiþróf fyrir sækjandi hunda voru haldin hjá Retrieverdeild og voru 147 skráningar í þau próf.

Sólheimakot

Kotið er mikið notað af félagsmönnum fyrir opin hús hjá tegundahópum 7 og 8, hvolpasamkomur, námskeið, veiðiþróf, fundi og fleira. Allar deildir geta nýtt sér Sólheimakot, bóka þarf tíma á skrifstofu HRFÍ og nálgast lykla þar og skila eftir notkun. Við viljum samt minna notendur kotsins á að ekki er sorphirða í kotinu, því þarf að hafa allt rusl með sér.

Sólheimakot er bæði með heimasíðu : www.solheimakot.weebly.com og eins er kotið með síðu á Facebook, sem er virkari en heimasíðan.

Hundaskóli HRFÍ

Hundaskólinn var rekinn með óbreyttu sniði. Skólinn býður upp á hvolpa-, grunn- og hlýðninámskeið fyrir allar tegundir hunda. 162 hundar og eigendur þeirra sóttu námskeið hjá Hundaskólanum en kennari skólans í ár, sem áður, var Valgerður Júlíusdóttir.

Sýningadómarar

Sýningadómarar félagsins stóðu sem áður sagði fyrir opnum viðburði til styrktar félaginu og náðist að safna um hálfri milljón króna. Verða þeir fjármunir vel nýttir til uppbyggingar á tölvukerfinu okkar nýja. Þá stóð sýningadómaranefnd fyrir prófum í ágúst 2020 og bættu íslensku dómarnir við sig nokkrum nýjum tegundum. Það er ánægjulegt að fylgjast með vexti íslenskra dómara.

Veiðiþrófadómarar

Samtals eru starfandi 14 veiðiþrófadómarar hjá félaginu, þar af eru 8 fyrir sækjandi hunda og 6 fyrir fuglahunda. Nýr sækidómari í tegundahópi 7 bættist í hópinn en Unnur Unnsteinsdóttir lauk prófi á haustmánuðum 2020. Við óskum deildunum innilega til hamingju með nýjan dómara.

Kynningar og fræðslustarf

Fræðslunefnd

Fræðslunefnd stjórnar HRFÍ hefur skipulagt fyrirlestra í gegnum Zoom fjarfundakerfi á starfsárinu sem hafa verið afar vel sóttir af félagsmönnum. Fyrirlestrarnir, sem voru í upphafi hugsaðir til að mæta aukinni þörf hundafólks að hittast og sinna áhugamálinu, hafa vakið mikla lukku og er ljóst að félagsmenn eru þyrstir í fræðslu um allt sem viðkemur hundahaldi, ræktun og vinnu með hunda.

Hingað til hefur fræðslunefndin fengið til liðs við sig dýralækna, hundabjálfa, ræktendur og fleiri sem hafa haldið frábær og fjölbreytt erindi og hefur verið leitast eftir því að erindin höfði til sem

flestra. Nefndin hyggst halda ótrauð áfram á nýju starfsári og hlakkar til að bjóða félagsmönnum og öðrum áhugasömum upp á ýmiss konar fræðslu í framtíðinni.

Félagsblaðið Sámur

Félagið gefur út félagsblaðið Sám tvisvar á ári og hefur hann það hlutverk, skv. lögum félagsins, að vera fræðandi og upplýsandi fyrir félagsmenn og aðra lesendur. Sámur hefur verið fastur liður í sögu félagsins og í blaðinu má meðal annars fræðast almennt um rétta meðferð, aðbúnað og uppeldi hunda, ræktun og heilbrigði, þjálfun og vinnu. Ritnefnd Sáms leggur metnað sinn og vinnu í að reyna að koma til móts við sem flesta, því félagið okkar er félag allra hundaeigenda.

Á síðustu árum hefur Sámur verið að færa sig smátt og smátt út fyrir blaðið sjálft, hann á sína eigin Facebook síðu og auk þess hafa dómara viðtöl eftir sýningar félagsins verið birt á heimasíðu HRFÍ stuttu eftir hverja sýningu en ekki tekið pláss í prentútgáfu blaðsins.

Blaðið kom út rafrænt tvisvar á árinu, í júní og desember. Svava Björk Ásgeirsdóttir ber ábyrgð á efni blaðsins ásamt formanni og framkvæmdastjóra HRFÍ. Öflug sjö manna ritnefnd undir stjórn Svövu Bjarkar gerir félaginu mögulegt að gefa út blaðið svo því sé sómi af.

Starf ræktunardeilda

Hlutverk og verksvið ræktunardeilda

Í dag eru 24 ræktunardeildir innan HRFÍ sem hafa það hlutverk að standa vörð um að ræktun viðkomandi hundakynja stefni að því ræktunarmarkmiði sem viðurkennt er af FCI.

Þeim er ætlað að vera ráðgefandi og búa yfir haldgóðri þekkingu um hvað eina sem varðar ræktun og undaneldi sem og þekkingu á meðfæddum og/eða arfgengum sjúkdómum hjá viðkomandi hundakynjum. Ræktunarstjórnnum ber að halda nákvæma skrá yfir allt það sem að gagni má koma við ræktun. Að endingu er deildum ætlað það hlutverk að miðla fræðslu um viðkomandi hundakyn og stöðu ræktunarmála hverju sinni.

Auk mikilvægs hlutverks deilda, er varðar ræktun og heilbrigði tegunda sem þeim tilheyra, hafa þær sinnt félagslegu hlutverki. Þær standa fyrir margvíslegu félagsstarfi, svo sem ýmsum viðburðum og samkomum félagsmanna sem deildunum tilheyra. Eðli málsins samkvæmt hefur starf deilda legið niðri að mestu í heimsfaraldrinum.

Á döfinni

Félagsmenn fá á aðalfundi tækifæri til að taka ákvörðun um sölu fasteignar félagsins. Verði af sölnunni eru spennandi tímar framundan. Það kemur í hlut nýrrar stjórnar að finna hentugt húsnæði fyrir starfsemi félagsins. Þar sem félagið á fasteignina skuldlausu eru gríðarleg tækifæri fyrir félagið að fjárfesta í húsnæði sem fellur betur að margvíslegu starfi félagsins. Hér skapast möguleiki fyrir félagið að vaxa og dafna.

Innleiðing á tölvukerfi DKK hefur verið fyrirferðarmikið í starfsemi félagsins undanfarið tímabil þó það sjáist ekki endilega út á við fyrir en það verður aðgengilegt félagsmönnum. Hins vegar hefur mikið starf verið unnið á skrifstofu og hjá samstarfsaðilum okkar við innleiðingu, þýðingar og aðlögun, enda að mörgu að huga. Ljóst er að kerfið verður ekki fullkomið þegar það verður gert aðgengilegt og mun innleiðing á því halda áfram með aðstoð félagsmanna. Verkefni af þessu tagi er flókið en það ríkir jafnframt mikil eftirvænting við nútímavæðingu ættbókargrunns félagsins.

Hundaræktarfélag Íslands er almennt félag - áhugamannafélag - og fólkið sem þar starfar að einstökum hugarefnum sínum gerir það að mestu leyti í sjálfböðastarfi. Stjórn vill nota tækifærið og þakka af heilum hug þeim fjölmörgu sem lögðu sitt af mörkum til þess að fjölbreytt starfsemi félagsins fengi að blómstra og dafna á síðasta starfsári. Þrátt fyrir heimsfaraldur og erfið skilyrði styrkist félagið. Fjárhagsleg staða er sterk og góð skilyrði til innri vaxtar. Rödd okkar er búin að festa sig í sessi í opinberri umræðu sem málsvarar hundaeigenda og opinberir aðilar óska eftir að félagið veiti umsagnir um málefni sem varða okkur. Faraldurinn hefur líka kennt okkur hversu mikill missir er þegar starfið liggur niðri og félagsmenn þróa að hægt verði að taka upp hefðbundna starfsemi aftur hið fyrsta. Mikil eftirvænting og tilhlökkun er til fyrirhugaðrar sýningar í ágúst.